

Gærur teljast skemmdar:

1. Ef mold eða sandur í baki er það mikill eða þéttur, að ætla megi að ekki fari úr við þvott.
2. Ef miklir kleprar eru í lærum eða gæran öll útötuð í óhreinindum eða mori.
3. Ef gærunar eru mjög illhæruskotnar, með hvítum og gulum illhærum, svo ullin líkist fremur stríi en ull. Einnig mjög ullarstuttar eða snoðnar gærur (t. d. mjög skógdregnar).

Gæta skal þess vandlega, að gærur fari í réttan litarflokk. Hvítar lambagærur með mislitum blettum eða doppum skulu flokkast í L tvíl.

Heimilt er að flokka gráar gærur á lifandi lömbum eftir feldgæðum, enda setji gærumatsformaður nánari reglur þar um

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum um flokkun og mat á gærum nr. 22/1976 og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

11. ágúst 1982.

Nr. 473.

REGLUGERÐ

um Grænmetisverslun landbúnaðarins og mat og flokkun kartaflna og annarra garðávaxta.

I. KAFLI

Um Grænmetisverslun landbúnaðarins.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins, þar með talið stjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Framleiðsluráð getur falið sérstakri nefnd manna stjórn verslunarinnar að meira eða minna leyti í umboði sínu. Framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra er annast daglega stjórn Grænmetisverslunarinnar, en hann ræður annað starfsfólk fyrirtækisins eftir þörfum.

Endurskoðendur Grænmetisverslunarinnar skulu vera tveir, annar tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en hinn skipaður af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal skipuleggja móttöku og heildsöludreifingu kartaflna og annarra garðávaxta. Grænmetisverslunin annast innflutning og heildsöludreifingu garðávaxta í umboði landbúnaðarráðuneytisins, eftir því sem ráðuneytið ákveður. Skal Grænmetisverslunin leitast við að hafa á boðstólum sem fjölbreyttast úrval innlendra garðávaxta. Sama máli gegnir um erlenda garðávexti þegar innflutningur þeirra fer fram. Grænmetisverslunin skal eftir því sem við verður komið sjá um dreifingu upplýsinga um eiginleika, meðferð og neyslu matjurta, enda sé gert ráð fyrir útgjöldum til þessara þarfa við verðlagningu.

Grænmetisverslunin skal sjá til þess að ávallt sé völ á nægu heilbrigðu kartöfluútsæði af viðurkenndum afbrigðum.

3. gr.

Garðávextir þeir sem Grænmetisverslun landbúnaðarins býður til sölu skulu vera eðlilega þroskaðir, lausir við sjúkdóma og aðra skaðvalda sem gera þá óhæfa til neyslu, óskaddaðir að mestu og án óeðlilegs bragðs og lyktar eða efnamengunar.

Grænmetisverslun landbúnaðarins kaupir innlendar kartöflur og garðávextir af framleiðendum eftir því sem þörf krefur. Skal taka tillit til vörugæða á þann hátt að láta betri vöru sitja fyrir þeirri lakari.

Grænmetisverslunin skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum og birgðum af kartöflum og öðrum garðávöxtum þannig að hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf að hann torveldi ekki sölu á innlendri gæðaframleiðslu. Þó skal þess gætt að ætíð séu til nægar birgðir af góðum kartöflum og garðávöxtum við hæfilegu verði eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ræður umboðsmenn eftir þörfum til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Umboðsmennirnir skulu einnig sjá um verslun með þessar vörur á tilteknum sölusvæðum, samkvæmt nánari fyrirmælum þar um á hverjum tíma, sbr. 7. gr. þessarar reglugerðar. Grænmetisverslunin og umboðsmenn hennar skulu leitast við að haga móttöku kartaflna og annarra garðávaxta þannig, að afhending frá framleiðendum verði sem jöfnust hlutfallslega, sbr. 3. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal í samráði við Framleiðsluráð stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem best, og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Skipuleggja skal dreifingu og sölu þannig að Grænmetisverslunin ákveði sölu-svæði hvers umboðsmanns til þess að komist verði hjá óþörfum flutningum og undirboðum miðað við það verð sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur auglýst.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ber að vinna að því að umboðsmenn hennar komi á fót móttökustöðvum sem annist dreifingu til smásöluaðila.

5. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hagkvæmast að koma í vermæti þeim hluta kartöfluframleiðslunnar sem er umfram innlendar þarfir hverju sinni, t. d. með útflutningi eða á annan hátt eftir því sem aðstæður leyfa.

6. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins skal sjá um, eftir því sem unnt er, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu, innlendu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun kartaflna og afla sér til þess sérfræðilegrar aðstoðar. Grænmetisverslunin skal semja við einstaka framleiðendur um ræktun útsæðis samkvæmt reglum og tillögum um stofnræktun, sbr. 9. gr.

II. KAFLI

Um val á sáðvöru og flokkunarreglur garðávaxta.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra að reglum um ræktun og meðferð garðávaxta, sbr. 8. og 9. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins, Landssamband kartöflubænda, Samband garðyrkjubænda, Búnaðarfélag Íslands, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Neytendasamtökin tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Yfirmatsmaður garðávaxta á sæti á fundum nefndarinnar. Þeir aðilar sem tilnefna nefndarmenn bera hver um sig beinan kostnað af þátttöku sinna fulltrúa í nefndinni.

8. gr.

Verkefni samstarfsnefndar eru:

a. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra að reglum um flokkun og mat á kartöflum, gulrófum, gulrótum og öðrum garðávöxtum sbr. 11. gr.

b. að gera á sama hátt tillögur að reglum um útsæðisræktun kartaflna og annarrar sáðvöru garðávaxta.

c. að gera tillögur að reglum um ræktun, geymslu og aðra meðferð garðávaxta, svo sem sóttthreinsun umbúða o. fl.

Grænmetisverslun landbúnaðarins og yfirmatsmaður garðávaxta sjá að hvers konar breytingar sem gerðar eru á reglum um ræktun og mat á garðávöxtum séu rækilega kynntar viðkomandi aðilum.

9. gr.

Auk verkefna skv. 8. gr. gerir nefndin áætlanir um útsæðisræktun og skal í því efni ráðfæra sig við sérfróða aðila. Nefndin skal vera Grænmetisversluninni til ráðuneytis um val manna til útsæðisræktunar og fylgjast með að ráðnir séu sérfróðir menn til að hafa eftirlit með ræktuninni. Með sama hætti tekur nefndin ákvarðanir um val annarrar sáðvöru eftir því sem tilefni gefst til.

III. KAFLI

Um mat garðávaxta.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirmatsmann, er hafi á hendi mat kartaflna og annarra garðávaxta í Reykjavík og umsjón með mati annars staðar á landinu. Um ráðningarkjör hans fer eftir kjarasamningi starfsmanna ríkisins hverju sinni.

Lögreglustjórar skipa matsmenn eftir tilnefningu yfirmatsmanns. Þá eina má skipa matsmenn sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta við framleiðslu og sölu kartaflna. Laun yfirmatsmanns, ásamt öðrum þeim kostnaði er af störfum hans leiðir, greiðast af matsgjöldum, sbr. 20. gr.

Yfirmatsmaður og matsmenn skulu undirrita eiðstaf um að þeir ræki skyldur þær sem matsstarfið leggur þeim á herðar, af alúð og samviskusemi í hvívetna.

11. gr.

Innlendar kartöflur sem seldar eru til manndis skulu aðgreindar í þrjá flokka eftir stærð og gæðum: I. flokk, II. flokk og III. flokk.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða einn gæðaflokk til viðbótar, úrvalsflokk, að fengnum tillögum samstarfsnefndar, sbr. 8. gr.

Þá er heimilt að selja sérstaklega stórar kartöflur - bökunarkartöflur og steikingarkartöflur - annars vegar og smælki hins vegar. Samstarfsnefnd skal gera tillögur til ráðherra um flokkun og mat þessara kartaflna.

Á tímabilinu frá því uppskera hefst og þar til haustverð er ákveðið er heimilt að selja kartöflur og aðra garðávexti af nýrri uppskeru án flokkunar, enda fullnægi þær þeim kröfum sem gerðar eru í reglum um útlit, stærð og gæði að dómi matsmanna.

Erlendar kartöflur skulu skoðaðar og metnar við móttöku samkvæmt íslenskum matsreglum að öðru leyti en því að sömu tegundarreglur gilda ekki.

Þá er ráðherra heimilt að ákveða flokkun og mat á öðrum garðávöxtum að fengnum tillögum samstarfsnefndar þar um.

12. gr.

Flokkun og mat kartaflna og annarra garðávaxta skal við það miðað að í I. flokk komi hrein afbrigði kartaflna og aðrir edlisgóðir, heilbrigðir og vel með farnir garðávextir. Samstarfsnefndin skal á hverjum tíma ákveða leyfilega hámarkstíðni galla í hverjum gæðaflokki garðávaxta.

Peir gallar sem einkum skal meta í kartöflum eru tíðni annarra afbrigða, útlitslýti, grænka, áverkar, frostskemdir, rotnun, kláði og aðrar skemdir af völdum sjúkdóma.

Þar til annað verður ákveðið koma í fyrsta flokk kartaflna afbrigðin Gullauga, Ólafsráður, Helga, Mandla og Bintje. Ákveði samstarfsnefndin að fella eitthvert afbrigði úr fyrsta flokki þer að tilkynna það framleiðendum með a. m. k. tveggja ára fyrirvara. Verði ákveðið að stofna til flokkunar í úrvalsflokk skal viðhafa bragðprófun og ef til vill eðlisþyngdarmælingu við ákvörðun flokkunarinnar.

13. gr.

Verslunum er óheimilt að selja kartöflur í öðrum flokki en þeim sem matsreglur ákveða. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs, að sala III. flokks kartaflna sé óheimil, enda sé nægilegt framboð af I. og II. flokks kartöflum. Allar kartöflur sem seldar eru í verslunum skulu greinilega auðkenndar með áletrun á umbúðum. Eftirfarandi atriði skulu koma fram:

1. Þyngd þakkingar.
2. Gæðaflokkur.
3. Nafn afbrigðis eða ræktunarlands, ef um erlendar kartöflur er að ræða.
4. Þökkunardagur.
5. Leiðbeiningar um geymslu, t. d. „Geymist á svölum og dimmum stað“.
6. Nafn heildsölufyrirtækis.

Þyki ástæða til að bæta fleiri atriðum á umbúðir kartaflna getur ráðherra ákveðið það, að fengnum tillögum samstarfsnefndarinnar.

14. gr.

Allar kartöflur skal afhenda í þurrum, hreinum og gisnum pokum eða kössum en Grænmetisverslun landbúnaðarins ákveður stærð þeirra. Merkja skal umbúðir með þar til gerðum spjöldum. Á spjöldin skal öðru megin letra nafn afbrigðis, en hinu megin nafn og heimili framleiðanda.

Grænmetisversluninni er heimilt að taka á móti kartöflum í öðrum umbúðum ef henta þykir og um semst.

15. gr.

Matsmenn skulu útfylla þar til gerð eyðublöð er tilgreina tíðni og heiti þeirra atriða sem matsgerð byggist á. Framleiðandi skal fá afrit af matsgerð.

16. gr.

Mat á kartöflum fer þannig fram að matsmaður tekur safnsýni sem vegur minnst 5 kg, úr hverjum 10.000 kg, eða hverri sendingu sem er minni. Kartöflur í safnsýni skulu teknar af algjöru handahófi á mismunandi stöðum úr sendingunni, þó þannig að ekki færri en eitt sýni sé tekið úr hverju tonni. Einnig skulu sýnin tekin á mismunandi stöðum í umbúðunum. Matið er síðan framkvæmt samkvæmt reglum þar um, sbr. 8. gr.

Ef um erlendar kartöflur er að ræða mega sýni vera færri enda fylgi þeim matsvottorð.

Ef um er að ræða töku sýna fyrir bragðprófun skal taka 20-50 sem næst gallalausar kartöflur.

17. gr.

Verði ágreiningur um mat á kartöflum skv. 16. gr. sker yfirmat úr. Landbúnaðarráðuneytið skipar hverju sinni sérfróðan mann til að framkvæma yfirmatið. Hlutadeigandi matsmaður skal stöðva sölu þeirra vara sem krafist er endurmats á uns yfirmat hefur farið fram. Kostnað við yfirmatið greiðir yfirmatsbeiðandi, nema undirmati verði breytt honum í hag um 10% eða meira. Þá greiðir matsþoli kostnaðinn.

18. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að kartöflur eða aðrir garðávextir séu eigi seldir ómetnir, sjá þó 11. gr. og skal þeim heimilt að skoða garðávaxtabirgðir verslana þegar þurfa þykir. Skylt er að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

19. gr.

Yfirmatsmaður garðávaxta annast útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á garðávöxtum. Skal þar lýst helstu afbrigðum kartafna, svo og kvillum og göllum sem koma til greina við flokkun garðávaxta.

Yfirmatsmaður skal gangast fyrir námskeiðum fyrir matsmenn þegar þörf er á og stuðla á allan hátt að því að flokkun og mat verði í sem bestu samræmi alls staðar á landinu.

20. gr.

Fyrir mat á kartöflum og öðrum garðávöxtum skal framleiðandi greiða sérstakt matsgjald er landbúnaðarráðherra ákveður. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna.

21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggji við. Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Hagnaði þeim sem verða kann af rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktar í landinu, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162/1962 og breyting á þeirri reglugerð nr. 287/1968.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.

Pálmi Jónsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, sauðfjár, svína, geita og alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Bolungarvíkurkaupstaðar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Undanskilið er þó búfjárhald á lögbylisjörðunum, Ósi, Hanhóli, Miðdal, Geirastöðum og Þjóðólftungu, nema að því er sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

2. gr.

Sá er hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjársins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta.